

# Sunwind Kælibox 35L Gas/12v/230v

## Uppsetning:

Staðsetjið kæliboxið á stöðugum og góðum fleti, fylglist með að punkturinn á hallamálinu ofan á kæliboxinu sé í miðjunni. Athugið að bakhluti kæliboxins verður að vera minnst 10cm frá vegg eða hlut, en á hliðum minnst 5cm.

## Leiðbeiningar við notkun á 230v/50Hz (Hús rafmagn):

Notið aldrei aðra orkugjafa á sama tíma þ.e.a.s (12v, eða gas)!

Athugið hvort ekki sé slökkt á öllum tökkum á tækinu áður en snúra er tengd í rafmang. Tengid síðan snúruna í 220-230v tengil. Snúið 230v takkanum (til vinstri) í “max” stillingu. Eftir ca. 1klst ferðu að taka eftir að boxið er að kæla sig, eftir ca. 5klst er gott að stilla takkann frá “Max” í þá stillingu sem maður óskar eftir. (prófa sig áfram þar til æskilegum hita er náð).

## Leiðbeiningar við notkun við rafgeyma (12v bílrafmagn):

Notið aldrei aðra orkugjafa á sama tíma þ.e.a.s (230v eða gas)!

Til að ræsa kæliboxið á 12v spennu tengir þú 12v kapalinn með sígarettukveikjara tenginu aftan á kæliboxið og í sígarettukveikjaratengið í bílnum. Til að slökkva á 12v, þá tekurðu kapalinn aftur úr sambandi frá sígarettukveikjara tenginu. Ekki er ráðlegt að hafa kæliboxið tengd í 12v sígarettukveikjara tengið þegar slökkt er á bílnum, eða að tengja það við 12v spennu þar sem sólarrafhlöðu kerfi eru til staðar, vegna mikillar straumnotkunar. (ca. 10A við 12v).

## Leiðbeiningar við notkun við gas:

Notið aldrei aðra orkugjafa á sama tíma þ.e.a.s (12v, 230v)!

Til að setja tækið í gang með gasi. Ofan á tækinu er lok með tveimur hnöppum. Sá hægri er notaður til að setja tækið í gang. Byrjið á að ýta takkanum niður til að fá gasflæðið í gang, haldið honum í ca. 15 sek áður en takkanum er snúið til hægri, við það á að heyrast klikk og tækið ætti að vera komið í gang. Ef þetta virkar ekki í fyrstu tilraun, þá er bara að prófa aftur, ath. Gas getur verið lengi að renna. Fyrst til að byrja með á meðan kæliboxið er að ná tilskildum hita er gott að hafa hita stillinguna á “Max Cold” og síðan stilla eftir þörfum. Til að slökkva á kæliboxi í gasnotkun, fyrst er lokað fyrir gas frá gaskút síðan er ræsihnappurinn skrúfaður aftur til baka í “press” stillinguna.

Notkun á gastækjum í lokuðu / loft þéttu rými er **stranglega bönnuð**.

Notið alltaf gastæki þar sem **loftræsting er góð**.

Notið Einungis **30mb** (Millí Bara) þrýstimminkara.

Passið að ekki rigni eða skvettist á tækið þar sem það er í notkun.

Gas notkun: um 10gr/klst.

**SKORRI ehf** Bíldshöfða 12 Reykjavík

Símar: 577 1515 og 577 1516 Fax: 577 1517

Netfang: [skorri@skorri.is](mailto:skorri@skorri.is)

Heimasíða: [www.skorri.is](http://www.skorri.is)